

Fundargerð 51. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Fundarherbergi Þórsmörk, Eflu Verkfræðistofu

Tími: 28. ágúst 2019 kl. 14:30-16

Viðstaddir: Anna Heiður Eyðisardóttir (AHE), Baldur Dýrfjörð (BD), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) og Þorsteinn Narfason (ÞN).

Dagskrá:

- Fundargerð 50. stjórnarfundar
- Störf félagsins á næsta starfsári
- Önnur mál

1. Fundargerð 50. stjórnarfundar

Fundargerð var samþykkt.

2. Störf félagsins á næsta starfsári

Farið var yfir hugmyndir. Ákveðið var að vinna áfram hugmynd um áskoranir sem myndast við þéttingu byggðar, bæði í háum hverfum og lágum. Stefnt er að mögulegu málþingi og samræðuvettvangi fystu vikuna í nóvember. Einnig verður leitað til Veitna um hentugan tími til að skoða nýja tækni í Gvendarbrunnum.

3. Önnur mál

ÍÞ ætlar að skoða að deila upptöku af aðalfundi VAFRÍ á vefsíðu félagsins.

HÓA sótti Novatech ráðstefnuna um blágrænar ofanvatnslausnir í Júlí. Á ráðstefnunni komu áhugaverðar upplýsingar um stefnumótun og innleiðingu. Gerð er krafa að lóðareigendur sjái um sitt eigið ofanvatn og setji ekki í almenna kerfið. Gefin er fjárhagsleg vilyrði fyrir að breyta gráum svæðum í blágrænu. Þá hafa almenningsrými, skólalóðum, verið breytt í kennslustofur í blágrænum ofanvatnslausnum.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is